

Ísgöng ehf.
b.t. Sigurður Skarphéðinsson
Viðarhöfða 1
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. apríl 2015
UST201502-568/L.K.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði - Ísgöng - Geitland

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Ísgangna ehf. dags. 17. febrúar 2015, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan friðlandsins Geitlands.

Lýsing framkvæmdar:

Óskað er eftir leyfi til að koma upp bráðabirgða aðstöðu fyrir Ísgöng ehf. við Geitland, gps N 64 38 919 W 20 34 587. Áformað er að settar verði upp húseiningar, sambærilegar við aðstöðu við Þríhnúkagíg. Gert er ráð fyrir 40-80 m² húsnæði auk salerna. Gert er ráð fyrir að jarðvegur verði sléttaður undir hús og bílastæði. Á lóðinni verða afmörkuð bílastæði fyrir 4 rútur, 2 fjallatrukka og 15 einkabíla. Gert er ráð fyrir notkun á jarðýtu við jöfnun svæðisins. Gert er ráð fyrir öllum framkvæmdum sunnan við núverandi veg. Ekki er gert ráð fyrir umferð utan vega að öðru leiti. Allar byggingar verða klæddar að utan og komið þannig fyrir í landi að þær láti lítið yfir sér. Staðsetning er þar sem tilgreind er lóð þjónustusvæðis, 3 ha að stærð í deiliskipulagi sem samþykkt hefur verið til auglýsingar hjá Borgarbyggð. Fram kemur í umsókn að við rask og sléttingu svæðisins verði litið til þess að unnið sé á svæði sem hugsað er fyrir bílastæði og byggingar til framtíðar. Salerni verði annað hvort þurrsalerni eða vatnssalerni. Ef vatnssalerni verða fyrir valinu þarf að staðsetja vatnstank nærri jökulrönd og rotþró við salernishús. Hvoru tveggja er niðurgrafið og valinn staður þannig að sem minnst rask hljótist af. Gera má ráð fyrir rafstöð á svæðinu, aðeins verða lágmarksbirgðir af olíu geymdar á staðnum.

Aðstaðan er hugsuð sem móttaka fyrir ferðamenn auk þess sem fullnægjandi salernisaðstaða verður sett upp. Móttaka felst í skjóli og öryggisaðstöðu fyrir ferðamenn og starfsfólk, sölu á hlífðarfatnaði og öryggisbúnaði fyrir gesti, byggt á reynslu í sambærilegum verkefnum. Gert er ráð fyrir kaffisölu en ekki neinni framleiðslu á mat á svæðinu.

Áhrifamat:

Skipulagsstofnun telur umrædda staðsetningu bráðabirgða aðstöðu og frágang á plani, sbr. lýsingu, við hliðina á núverandi skála og bílastæðum, ekki tilkynningarskyldar framkvæmdir, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Landeigendur hafa veitt leyfi fyrir bráðabirgðaaðstöðu á því svæði sem umsækjendur hafa sótt um.

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan Geitlands er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1. tl. reglna í auglýsingu um friðlandið sem birt var í Stj.tíð. B nr. 283/1988. Þar sem um aðstöðu til bráðabirgða er að ræða telur Umhverfisstofnun rétt að við framkvæmdir verði við það miðað að ekki verði um varanlega röskun á jarðminjum, gróðri eða dýralífi. Leyfið felur því ekki í sér vilýrði um að

stofnunin samþykki að varanleg aðstaða verði á umræddu svæði í framtíðinni. Umhverfisstofnun telur rétt að veita leyfið til eins árs frá dagsetningu leyfisins. Það sem ræður gildistíma bráðabirgðaleyfisins er að þótt deiliskipulag hafi verið auglýst hefur það ekki endanlega verið staðfest. Þá þykir stofnuninni eðlilegt að veita bráðabirgðaleyfi til eins árs eins og fordæmi eru um, t.a.m. við Þríhnúkagíg.

Þrjú ferðaþjónustuaðilar voru með þjónustu á jöklinum sumarið 2014. Ljóst er að umferð um svæðið fer vaxandi. Vegagerðin byggði nýja brú yfir Geitá sl. haust og gerir hún aðgengi að svæðinu auðveldari. Með fyrirhuguðum ferðum í ísgöngin er gert ráð fyrir mikilli fjölgun ferðamanna á svæðið, allt að sextíu þúsund manns á ári. Aukið álag á náttúru svæðisins fylgir fjölgun ferðamanna og hætta á akstri utan vega eykst. Á því ári sem bráðabirgðaleyfið á að gilda mun koma reynsla á fyrirkomulagið sem hægt er að taka mið af í framhaldinu hvað varðar verndun og nýtingu svæðisins, og skal benda sérstaklega á aukna hættu á akstri utan vega við aukna umferð á svæðinu á vélknúnum ökutækjum.

Með vísun til þess sem að framan segir telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð bráðabirgðaaðstaða muni ekki rýra gildi friðlýsta svæðisins og samþykkir fyrir sitt leyti að bráðabirgðaaðstöðu verði komið upp á umræddu svæði, í um 500 m fjarlægð frá núverandi skála.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum um bráðabirgða aðstöðu skv. lýsingu að ofan til eins árs, eða til 22. apríl 2016, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Að framkvæmdin muni ekki valda varanlegri röskun á jarðminjum, gróðri eða dýralífi.
- Allt sorp og allur úrgangur sem til fellur verði fjarlægður jafnóðum af svæðinu.
- Í byrjun framkvæmda skal afmarka svæði undir bíla og nauðsynlegar byggingar (salerni, húseiningar).
- Óheimilt er að leggja bílum utan við afmarkaða svæðið.
- Tilkynt verði til Umhverfisstofnunar þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Framkvæmdaraðili skuldbindur sig til að vinna með Umhverfisstofnun við að sporna við utanvegaakstri á svæðinu m.a. með eftirliti og uppsetningu skilta þar sem fólki er bent á að akstur utan vega er bannaður.
- Að framkvæmdaraðili afli sér allra tilskyldra leyfa áður en framkvæmdir hefjast svo sem hjá landeiganda, sveitarfélagi og viðkomandi heilbrigðiseftirliti.
- Tilkynna ber Umhverfisstofnun um frávik, ef einhver verða, frá ofangreindri verklýsingu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, eða 11.200 kr./klst. auk ferðakostnaðar.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir
þjóðgarðsvörður